

## Kröfur um frágang og merkingu leghálssýna og viðbrögð við frávikum

### Tilgangur

Að skilgreina kröfur um frágang sýna, merkingar sýnaglasa, geymslu, flutning og útfyllingu beiðna. Jafnframt að skilgreina frávik og viðbrögð við þeim.

### Ábyrgð

Sýnatökuaðilar bera ábyrgð á að frágangur, merking, geymsla og flutningur sýna sé í samræmi við þessar kröfur.

Starfsmenn við móttöku sýna hjá Samhæfingarstöð krabbameinsskimana (SKS) og skráningaraðilar sýna bera ábyrgð á að viðbrögð við frávikum séu samkvæmt verklýsingu og sjá um framkvæmd og eftirfylgd.

Yfirlæknir SKS ber ábyrgð á að innleiða verklag og kynna fyrir starfsmönnum SKS og sýnatökuaðilum.

### Sýnataka

Sýni skulu tekin á réttan hátt (sjá gæðaskjalið *“Leghálssýnataka”*) og þess gætt að lok sé skrúfað fast á sýnatökuglasið.

- Bursti á **ekki að** fylgja ThinPrep glösum.


### Merking sýna

Öll sýni skulu merkt með fullu nafni og kennitölu konu, dagsetningu sýnatöku og starfsleyfisnúmeri sýnatökuaðila. Til að koma í veg fyrir ranga skráningu á kennitölu og/eða nafni konu er eindregið mælt með því að límmiðar séu prentaðir beint úr sjúkraskrárkerfi s.s. Sögu. **Mælst er til þess að sýnið sé merkt að konunni viðstaddri. Biðja konu að staðfesta að nafn og kennitala á límmiða séu rétt.**

### Ásetning límmiða á ThinPrep glös

Mikilvægt er að setja límmiðann einungis yfir þann límmiða sem fyrir er á glasinu. Það er gott ef límmiðinn hylur annan eða báða QR kóðana sem fyrir eru á glasinu.

**Það má ekki hylja auða svæðið á glasinu með límmiða.**



## Beiðnir

Öllum sýnum skal fylgja rafræn beiðni úr Sögu eða Skráningarvef landlæknis (Lyfseðlagátt).

Beiðnin þarf að innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn og kennitölu konu
- Nafn og/eða númer sýnatökuaðila og heiti stofnunar þar sem sýnataka fór fram.
- Dagsetning sýnatöku.
- Upplýsingar um ástæðu sýnatöku:
  - Skimun
  - Eftirlit
  - Einkennasýnataka/læknisfræðileg ábending

**Athugið:** Eingöngu kvensjúkdómalæknar geta óskað eftir einkennasýnatöku. Öðrum heilbrigðisstarfsmönnum ber að vísa konum með einkenni til kvensjúkdómalækna til mats m.t.t. sýnatöku.

## Geymsla, flokkun og flutningur sýna

- **Hver sýnatökuaðili** setur sýni frá sér í poka eða box.
  - Ekki má blanda saman sýnum frá mismunandi sýnatökuaðilum í sama poka/box.
- Sýni skulu geymd við 15-30°C.
- Til þess að sem minnst töf verði á niðurstöðu úr sýnatökunni skal leitast við að senda sýni til SKS innan viku frá því það er tekið.

## Hvað telst vera frávik og hvernig bregðast skal við þeim

Frávik	Viðbrögð við frávik	Hver framkvæmir
Vantar beiðni	Hafa samband við sýnatökuaðila með tölvupósti/Heilsugátt og óska eftir beiðni. Sýni verður ekki greint nema beiðni liggja fyrir.	Ritari SKS. Sjá texta í gæðaskjalinu <b>Frávik við sýnatöku – staðlaður texti til sýnatökuaðila.</b>
Sýni berst til SKS ómerkt, ólæsilegt eða ósamræmi í nafni og kennitölu	Ef enginn vafi leikur á að sýnið tilheyri viðkomandi einstaklingi má senda sýnið til rannsóknar, yfirlæknir sker úr um það.  Ef ekki er hægt að sannreyna hver á sýnið þarf sýnatökuaðili að ræða við skjólstæðing og boða í nýja sýnatöku.	Skráningaraðili sýnis hjá SKS. Sjá texta í gæðaskjalinu <b>Frávik við sýnatöku – staðlaður texti til sýnatökuaðila.</b>
Vantar upplýsingar á beiðni eða þær misvísandi, sýni utan skimunarleiðbeininga	Haft samband við sýnatökuaðila með tölvupósti/Heilsugátt og óskað eftir að upplýsingum.	Skráningaraðili sýnis hjá SKS. Sjá texta í gæðaskjalinu <b>Frávik við sýnatöku – staðlaður texti til sýnatökuaðila.</b>

Límmiði hylur auða svæði sýnaglassins	Við endurtekin frávík af þessu tagi er rétt að hafa samband við sýnatökuaðila og leiðbeina um rétt vinnulag.	Skráningaraðili sýnis hjá SKS fjarlægir þann hluta límmiðans.
Sýni sent frá sýnatökuaðila >10 dögum eftir að sýni er tekið	Hafa samband við sýnatökuaðila með tölvupósti/Heilsugátt til að minna á að senda beri sýni sem fyrst eftir sýnatöku.	Ritari SKS. Sjá texta í gæðaskjalinu <b>Frávík við sýnatöku – staðlaður texti til sýnatökuaðila.</b>